

## VIÐAUKI 1

### Flokkaskipting

við gerðarprófanir og útgáfu gerðarsamþykkja  
(sbr. 7. gr. og 8. gr.).

#### 7. gr.: Radiótæki.

- A Leikföng, bílskúrshurðaðopnarar, gervihnattaviðtæki, húslínukallkerfi, lágaflstæki, fjarstýringar, boðviðtæki.
- B Talstöðvar í bíla og flugvélar, CB, kallkerfi, öryggisbúnaður, 9 GHz radarsvarar.
- C NMT farstöðvar, móðurstöðvar; þráðlausir símar (CT 1).
- D SSB talstöðvar; sjónvarps- og útvarpssendar.

#### 8. gr.: Línutengd tæki.

- A Símtæki, mótöld, heimilissímstöðvar, símsvarar, faxrofar, faxtæki án valbúnaðar.
- B Símkkerfi, faxtæki með valbúnaði, viðvörunarkerfi, sjálfsalar.
- C Einkasímstöðvar (PABX).
- D

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 6, 12. janúar 1993 um hrognkelsaveiðar.

### 1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

- A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.
- B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.  
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 5. maí – 5. ágúst.
- C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl – 20. júlí.
- D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 1. apríl – 1. júlí.
- E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 20. mars – 20. júní.
- F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið 20. mars – 20. júní.
- G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, er veiðitímabilið 1. apríl – 1. júlí.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. mars 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. apríl 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 189, 22. maí 1992, sbr. og breyting nr. 411, 25. nóvember 1992:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 0,90%.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1993.*

F. h. r.

**Baldur Pétursson.**

*Steinunn Bjarman.*

## GJALDSKRÁ

### Hollustuverndar ríkisins vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa samkvæmt mengunarnareglugerð nr. 396/1992.

#### Gjöld fyrir vinnslu starfsleyfa og mengunareftirlit með starfsleyfis skyldri starfsemi.

##### 1. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna vinnslu starfsleyfa og eftirlits með starfsleyfis skyldri starfsemi samkvæmt viðauka 7 í reglugerð nr. 396/1992 í samræmi við gjaldskrá þessa.

Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 í reglugerð nr. 396/1992 skal greiða gjald fyrir vinnslu starfsleyfis, samkvæmt 8. kafla reglugerðarinnar, við veitingu þess og árlegt gjald vegna eftirlits samkvæmt grein 3.5. í reglugerðinni sem hér segir:

	Starfsleyfisvinnsla	Eftirlit
1. flokkur	kr. 490 000	kr. 245 000
2. flokkur	kr. 87 000	kr. 61 000
3. flokkur	kr. 46 000	kr. 26 000
4. flokkur	kr. 15 500	kr. 10 500
5. flokkur	kr. 15 500	kr. 10 500